



Fundargerð

Svæðisráð austursvæðis - 124. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á fjarfundi, miðvikudaginn 7. febrúar 2024, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson, aðalfulltrúi Múlapings,
Urður Gunnarsdóttir, aðalfulltrúi Fijótsdalshrepps,
Pétur Heimisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Rannveig Þórhallsdóttir, varafulltrúi Múlapings,
Einar Kr Haraldsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага,
Andrés Skúlason, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,
Díana Mjöll Sveinsdóttir, aðalfulltrúi ferðaþjónustunnar,
Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður,
Stefán Frímenn Jökulsson, starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Skipun svæðisráða 2024-2028 - kjör formanns og varaformanns - 2401046

Samkvæmt ákvæðum laga, kýs svæðisráð sér formann úr hópi sveitarstjórnarmanna og varaformann.

Vilhjálmur Jónsson kjörinn formaður svæðisráðs, Urður Gunnarsdóttir kjörin varaformaður svæðisráðs.

2. Fundaáætlun - 2024 - 2310052

Rætt um fundardaga svæðisráðs 2024.

Svæðisráð samþykkir að funda að jafnaði á miðvikudögum, kl 10.00 og felur þjóðgarðsverði að útbúa fundaáætlun skv. því og senda aðal- og varafulltrúum.

3. Austursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203071

Formaður svæðisráðs fór yfir málefni af síðasta stjórnarfundi.

4. Austursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2006023

Starfandi þjóðgarðsvörður fór yfir verkefni á svæðinu ásamt aðstoðarþjóðgarðsverði.

Fundargerð ritaði: Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 11:30.